

Stöðugreining Samgöngu- og innviðastefnu SSNE



Árspaning SSNE 2026



Inngangur



- Samgöngu- og innviðastefna SSNE 2023–2023 var samþykkt á haustþingi samtakanna 6. október 2023 og er fyrsti heildstæði ramminn sem sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafa sameinast um í samgöngu- og innviðamálum. Stefnan byggir á ítarlegri stöðugreiningu, gagnasöfnun, sérfræðivinnu RHA og samráði allra sveitarfélaga á svæðinu.
- Stefnan tekur til samgangna á landi, lofti og legi, raforku- og fjarskiptaöryggis, vetrarþjónustu, jarðgangamála, malarvega, almenningsamgangna og hafna.
- Markmið þessarar stöðugreiningar er að meta stöðu innleiðingar stefnunnar á grundvelli opinberra gagna, ályktana SSNE og framlags stefnunnar inn í opinbera stefnumótun og áætlanagerð ríkisins.
- Greiningin hér á eftir tekur til þess hvað hefur náðst fram, hvað hefur gerst að hluta og hvaða atriði hafa ekki hreyfst eða aðeins að takmörkuðu leyti.



Samantekt




- Greiningin tekur saman stöðu áherslupunkta í stefnunni og byggir m.a. á opinberum upplýsingum um stöðu áætlana og framkvæmda eins og blasir við í mars 2026. Í öllum samtölum fulltrúa SSNE við fulltrúa ríkisins, hvort sem er við innviðaráðuneyti, þingmenn kjördæmisins eða þingmenn í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, hefur komið fram mikil ánægja með að fá í hendurnar skýr skilaboð frá landshlutanum í heild varðandi áherslur landshlutans í samgöngu- og innviðamálum. Það má því segja að þegar landshlutinn tekur sig saman þá ná skilaboðin betur í gegn en þegar einstök sveitarfélög álykta um málin.
- Þó að forgangsmálin fimm séu skilgreind í stefnunni hefur stjórn SSNE í öllum sínum umsögnum dregið fram fleiri mál úr stefnunni, eins og sjá má til að mynda í [nýjustu umsögn stjórnar SSNE um þingsályktun um samgönguáætlun](#) sem nú liggur til umfjöllunar á Alþingi.
- Eins og fram kom á fyrri glæru var þetta í fyrsta skipti sem svona heildstæð stefnumótun um samgöngu- og innviðamál var unnin fyrir landshlutann og mikill lærdómur sem varð til, fyrir utan stefnumótunina sjálfa.
- Farið verður í að yfirfara og endurnýja stefnuna næsta vetur og er mikilvægt að draga lærdóm af fyrri vinnu.

Helstu áherslur og forgangsmál

Í stefnunni eru skilgreind fimm forgangsmál næstu fimm ára:

- Siglufjarðarskarðsgöng
- Bárðardalsvegur vestri
- Brýr yfir Skjálfandafljót
- Aukin vetrarþjónusta
- Tenging Þórshafnar við flutningskerfi raforku



Þá er í stefnunni fjallað um eftirfarandi áhersluatriði:

- Jarðgöng
- Einbreiðar brýr
- Hættulegir vegkaflar
- Endurnýjun malarvega
- Vetrarþjónusta
- Stytting vegalengda innan landshlutans og til annarra landshluta
- Flugvellir
- Hafnir
- Raforkukerfi
- Fjarskipti
- Almenningsamgöngur

Stöðumat


Forgangsmálin



Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Fljótagöng		Er í fyrsta sæti í tillögu að samgönguáætlun.
Bárðardalsvegur vestri		Fyrsti áfangi í uppbygging vegarins í tillögu að samgönguáætlun (uppbygging fram að Öxará og ný brú).
Brýr yfir Skjálfandafljót		Önnur brúin á fyrra tímabili í tillögu að samgönguáætlun, hin á öðru tímabili þrátt fyrir að vera að mestu tilbúin til útboðs.
Aukin vetrarþjónusta		Í orði er talað um að auka vetrarþjónustu, bæði í fjárlögum og í tillögu að samgönguáætlun, ekki liggur neitt fyrir um útfærslur.
Tenging Þórshafnar við flutningskerfi raforku		Ákvörðun tekin á síðasta ári og samkomulag undirritað. Undirbúningur hafinn við jarðstreng.

Jarðgöng

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Fljótagöng		Er í fyrsta sæti í tillögu að samgönguáætlun.
Ólafsfjörður - Dalvík		Eru nefnd til síðari skoðunar í tillögu að samgönguáætlun.
Öxnadalshéiðargöng (styttri útgáfa)		Eru nefnd til síðari skoðunar í tillögu að samgönguáætlun.



Einbreiðar brýr

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Brýr yfir Skjálfandafljót		Önnur brúin á fyrra tímabili í tillögu að samgönguáætlun, hin á því seinna þrátt fyrir að vera tilbúin til útboðs.
Brú yfir Jökulsá á Fjöllum		Er nefnd á seinna tímabili í tillögu að samgönguáætlun.
Brú á Jökulsá í Öxarfirði.		Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Brú yfir Eyjafjarðará (Stíflubrá)		Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Brú á Köldukvísl (Tjörnesi)		Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Brú yfir Sandá í Þistilfirði		Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Brú yfir Brunná í Öxarfirði		Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.

Hættulegir vegkaflar



Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Þelamörk - Akureyri	Yellow	Búið er að byggja hringtorg við Lónsbakka. Restin af veginum er á þriðja tímabili tillögu að samgönguáætlun.
Hringtorg á gatnamótum Hringvegar og Eyjafjarðarbr. Eystri	Yellow	Er ekki nefnt í tillögu að samgönguáætlun, en er á lista yfir stærri öryggisaðgerðir utan höfuðborgarsvæðisins. Er í undirbúningi hjá VG.
Vegamót Hringvegar og Norðausturvegar 85	Red	Eru ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Vegamót við Tjörn	Yellow	Eru partur af framkvæmdinni við nýja brú yfir Skjálfandafliót.
Við Grunnskólann í Lundi	Red	Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Aðkoma að Húsavík	Red	Er ekki nefnd í tillögu að samgönguáætlun.
Snjóflóðasvæði í Ljósavatnsskarði	Yellow	Er komið inn í vöktun hjá Veðurstofunni. Er ekki nefnt í tillögu að samgönguáætlun.
Bæta við útskotum fyrir ferðamenn	Yellow	Í tillögu að samgönguáætlun talað um að unnið sé að því að fjölga útskotum fyrir ferðamenn, en það er í höndum Vegagerðarinnar.

Vetrarþjónusta

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Dettifossvegur		Í orði er talað um að auka vetrarþjónustu, bæði í fjárlögum og í tillögu að samgönguáætlun, ekki liggur neitt fyrir um útfærslur.
Hófaskarð og Kinnin		7 daga mokstur hefur haldist á báðum leiðum.



Stytting vegalengda innan landshlutans og til annarra landshluta

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Innan landshlutans		Lítill áhersla verið á þetta atriði.
Milli landshluta		Stjórn SSNE hefur ítrekað fjallað um mikilvægi þessa í umsögnum sínum t.a.m. um Samgönguáætlun, Bygðaaætlun og Atvinnustefnu. Ekkert hefur þó hnikast í þessu.




Flugvellir



Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Þyrlubækistöð á Akureyri		Þingmannamál um þetta hefur verið lagt fram á Alþingi og hlutið jákvæðar undirtektir. Vitað er að þetta er til skoðunar.
Uppbygging flugvalla		Þó nokkuð hefur hnikast í þessu, ekki síst varðandi aðflugsferla. Enn vantar þó upp á aðflugsljós (eru á seinna tímabili) og stækkun flugstöðvarinnar.
Aðaldalsflugvöllur og Þórshafnarflugvöllur		Lítlisháttar viðhald á Þórshöfn og lítlisháttar viðhald á byggingum og búnaði á Húsavík á seinna tímabili í tillögu að samgönguáætlun.
Reykjavíkurlflugvöllur		Núverandi innviðaráðherra vill halda flugvöllinum í Reykjavík. Mögulega eitthvað að hnikast varðandi flugvélaeldsneyti á Akureyri.


Hafnir

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Endurbætur í ferjuhöfnum		Er ekki nefnt í fyrirliggjandi samgönguáætlun.
Rafvæðing hafna		Er ekki nefnt í fyrirliggjandi samgönguáætlun. Þó er talað um að rafvæða Hríseyjarferju en sé þó háð því hvenær innviðir geti afhent næga raforku.




Raforkukerfi

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Tenging Þórshafnar við flutningskerfið		Ákvörðun tekin á síðasta ári og samkomulag undirritað. Undirbúningur hafinn við jarðstreng.
Endurnýjun byggðalínunnar frá Hvalfirði til Fljótsdals		Er í undirbúningi.
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku		Núverandi ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála hefur boðað fulla jöfnun, en enn ekki verið gert.



Fjarskipti

Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Aukin útbreiðsla Tetra-kerfisins		
Aukið fjarskiptaöryggi		Það er bætt aðgengi að 5G sendum í þéttbýli, en með niðurlagningu 2G/3G senda hefur fjarskiptaöryggi í heildina minnkað.
Opna fyrir reiki á farsímasendum		



Almenningssamgöngur



Viðfangsefni	Stöðumat	Hvað hefur breyst?
Efling og samræming almenningssamgangna		Vegagerðin endurskoðaði almenningssamgöngukerfið á síðasta ári. Sumar breytingarnar voru til bóta en aðrar alls ekki. Ekki var komið til móts við ferjusiglingar.
Nýjar og nútímalegar ferjur		Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun á að endurnýja Hríseyjarferjuna 2033 og Grímseyjarferjuna 2031 (á seinna tímabili).
Áframhaldandi styrking Loftbrúarinnar		Ekki er gert ráð fyrir eflingu loftbrúarinnar í tillögu að samgönguáætlun.
Uppbygging hjólaleiða milli þéttbýlisstaða		Sveitarfélög innan SSNE hafa staðið sig vel í uppbyggingu hjólaleiða á svæðinu. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun er fjárveitingu ætlað að auka verulega möguleika á hjólreiðum með framkvæmdum í stígagerð.



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra